



Roger Crofts við Hjartafell, en hann segir Þjórsárver hjarta Íslands.

Að bjarga hjarta Íslands

Roger Crofts

Þjórsárver eru hjarta Íslands. Hjartafell blasir við í miðju veranna sem tákn fyrir þau náttúruundur sem ekki hafa orðið fyrir áhrifum framkvæmdaviðleitni manna. Í fellinu má sjá eins fullkomna mynd af hjarta og hugsast getur.

Hjarta Íslands er líka vatn, vatn lífsins fyrir fólkið og landið og náttúrulega frjósemi þessi. Vatnið sem kemur frá jökulhettu Hofsjökuls og skriðjökla hans er undirstaða vistkerfis Þjórsárvera. Þjórsárver, með vatnið sem lífgjafa, eru einnig hjarta í eyðimörk hálendisins með meiri gróðurþekju, sem að takmörkuðu leyti hefur orðið fyrir áhrifum af mannanna verkum, en þekktist annars staðar á Íslandi

Hvar annars staðar á jörðu má finna votlendi með svo fjölbreyttu munstri gróðurs sem er í sífellri þróun? Hvar annars staða á jörðu endurmóta flæðandi jöklar bæði gróðurmunstrið og móta nýtt landslag? Hvar annars staðar á jörðu er virkni votlendisins svo öflug og án svo að segja nokkurrar íhlutunarformanna? Hvar annars staðar er afl náttúrunnar svo greinilegt á yfirborðinu? Og hvar á jörðu er að finna hjartanistandi lítafegurð vatns og gróðurs, steina og setmyndana?

Þjórsárver eru einstakur staður á jörðinni vegna þessara fjölbreyttu eiginleika sem má upplifa á svæðinu. Svæðið verðskuldar að þetta sé viðurkennt með því að festa stöðu þess í sessi svo komandi kynslóðir geti haft af ánægju af því, notið þar andlegrar upplýtingar, skilið flókna þróunarsögu þess og þau öfl sem enn eru að móta svæðið í þeirri fullvissu að það fái að vera það sem það er um ókomna framtíð.

Um áratuga skeið hafa verið færð skýr rök fyrir því að tryggja beri formlega verndun Þjórsárvera til langs tíma. Enn eru þó uppi áform um að mynda lón á svæðinu fyrir vatnsorkuver og vistkerfið sem heild hefur ekki verið verndað. Ógnandi virkjunaráform, áformuð endurskoðun ramma-áætlunar um virkjanir, ný ríkisstjórn og nýjar áskoranir um að skapa nýja framtíð fyrir þjóðina og endurnýjaður pólitískur vilji til að vernda náttúruarfleifð Íslands ættu að vera fullnægjandi forsendur fyrir því að sigla þessu máli í farsæla höfn og vernda að eilífu þetta alþjóðlega mikilvæga svæði.

Núverandi staða Þjórsárvera er algjörlega óviðunandi og margendurteknar vel rökstuddar kröfur um verndun hafa verið hunsaðar af stjórnvöldum um langt skeið á sama tíma og ránsþuga verkfræðingar orkufyrirtækis ríkisins hafa ólmir viljað beina lífsgefandi vatni svæðisins til ónauðsynlegra virkjunaráforma. Það er löngu tímabært að viðurkenna að svæðið er verðmætasta votlendi Íslands og er jafnframt svæði sem hefur alþjóðlegt verndargildi og á því heima á heimsmínjaskrá.

Roger Crofts starfaði um árabil sem forstjóri Náttúruverndarstofnunar Skotlands. Crofts hefur oft heimsótt Ísland.

Ferðalög

Íslensk bein í franskri fold

Í vor átti hópur Íslendinga frá Brussel leið um franskar sveitir og gerði lykkju á leið sína til að vitja grafa tveggja íslenskra hermanna sem féllu í fyrri heimsstyrjöldinni.

Matthias G. Pálsson



Á tókin og styrjaldirnar sem háð hafa verið í Evrópu í gegnum aldirnar breyttu heimssögunni. En þau höfðu einnig bein áhrif á, breyttu eða enduðu líf óteljandi einstaklinga. Ísland hefur sloppið betur en flest önnur Evrópuríki við slíkar hörmungar, því vegna legu landsins hefur aldrei verið háð styrjöld á Íslandi og engin mannskæð innanríkisátök hafa átt sér hér stað svo öldum skiptir. Líklegt má þó telja að einhverjir íslenskir einstaklingar hafi tekið þátt í öllum helstu átökum á síðari tímum. Og þeir kunna að vera fleiri en mann grunar að fyrra bragði. Þannig kemur á óvart að í *Minningarbók íslenskra hermanna*, sem gefin var út í Kanada 1923, eru nöfn og upplýsingar um 1.245 Íslendinga (þ.e. sem fæddust á Íslandi eða áttu íslenska foreldra) sem börðust í hersveitum Kanada eða Bandaríkjanna í heimsstyrjöldinni fyrri. Þar af var a.m.k. 391 fæddur á Íslandi. Af þeim sneru 144 ekki aftur úr þátttöku í hildarleikum mikla í Evrópu. Hluti af þessum hópi voru 14 íslenskar hjúkrunarkonur og sneri ein þeirra ekki aftur. Íslendingar voru í byrjun styrjaldarinnar rétt rúmlega 87.000 svo þessi fjöldi var nærri 1,5% íslensku þjóðarinnar.

Á þeim slóðum sem hinir harðvítugum bardagar fyrri heimsstyrjaldar geisluðu ríkir nú friður og hefðbundin sveitaró. Róin er þó einhvern veginn dýpst í grafreitunum sem geyma bein hinna föllnu hermanna. Minningu þeirra er virðing sýnd, á víð og dreif þar sem barist var er að finna snyrtilega og vel við haldna herkirkgugarða frá öllum aðilum átakanna, með sorglega langar raðir hvíttra krossa og legsteina.

Margir þeirra sem grafnir eru í Frakklandi voru erlendir hermenn og sumir mjög langt að komnir. Af þeim sökum hafa sjálfsagt margar grafir sjaldan eða aldrei verið heimsóttar. Enn færri vitja graffanna nú, þegar svo langt er liðið síðan dauðann bar að garði. Snemma á vormánuðum 2010 átti þó hópur Íslendinga frá Brussel leið um franskar sveitir og gerði lykkju á leið sína til að vitja grafa tveggja íslenskra hermanna sem féllu í fyrri heimsstyrjöldinni.

Sá fyrri er Hallgrímur Jónsson, sem fæddist á Mýri í Bárðardal 1885, en fluttist til Kanada fimm ára gamall. Hann gekk í kanadíska herinn í janúar 1916 og átti frækinn feril, hlaut m.a. heiðursmerki (Military Cross) fyrir hrausta framgöngu í orrustu. Hann innritaðist í konunglega flugerinn í apríl 1918 og féll í loftorrustu í Frakklandi 3. september 1918. Nafn Hallgríms er skráð á The Arras Flying Services Memorial, minnisvarða um eitt þúsund flugliða Samveldislandanna sem féllu á vesturvígstöðvunum, en sem ekki er vitað hvar eru grafnir. Minnisvarðann er að finna í Faubourg-d'Amiens-kirkjugarðinum skammt frá frönsku borginni Arras.

Síðari heimsóknin er að gróf Þorvalds J. Þorvaldssonar sem fæddist 1896 á Urriðaa í Mýrasýslu, en fluttist árs-gamall til Vesturheims. Hann innritaðist í fótgöngulið kanadíska hersins í mars 1916, ásamt Helga bróður sínum. Þorvaldur særðist í orrustu og lést af sárum sínum 16. ágúst 1918. Hann er grafinn ásamt rúmlega 10.000 öðrum hermönnum frá Samveldislandunum í herkirkgugarði í Etables í Norður-Frakklandi.

Það vekur undarlegar tilfinningar að sjá íslensk nöfn í hafsjó af erlendum nöfnum í grafaskrá kirkjugarðanna. Þau stinga eilíftíð í stúf við hin nöfnin og það er erfitt að ímynda sér hvernig íslenskum piltum hefur liðið að taka þátt í þessum hildarleik, horfa upp á dauða og tortímingu svo mánuðum eða árum skipti og falla margir í valinn sjálfir. Ekki má heldur gleyma öðrum tilfinningum sem aldrei voru skráðar; þjáningum og sorg ættingja vegna missis föður, bróður, sonar, eiginmanns eða annars ástvinnar. Í tilviki Þorvalds J. Þorvaldssonar voru nánustu eftirlifandi ættingjar íslenskir og í herkirkgugarðinum í Etables kemur í ljós að sorg þeirra og söknuður varð best tjáð með íslenskum orðum. Á legsteini Þorvalds er þessi einfalda, áleitna spurning grafin á íslensku í hvítan marmarann: „HVÍ BERST SVO BURT Í